

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

319. fundur

Föstudaginn 22. mars 2020 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 15:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS) , Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Staðan og aðgerðir vegna Covid-19
2. Önnur mál.
 - a. Metan mál.

Tekið fyrir:

1. Staðan og næstu skref vegna Covid-19

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó kynnti áhrif Covid-19 á rekstur félagsins. Tekjur hafa dregist mikið saman og farþegafjöldi hefur minnkað. Tekjur af appsölu og peningar úr baukum hafa minnkað um helming í fyrstu viku samkomubanns og viðbúið að um frekari minnkun verði á næstu vikum samhliða hertum aðgerðum almannavarna. Til að bregðast við var rætt um ýmsar aðgerðir til að bregðast við minnkandi tekjum. Samþykkt var að óska eftir eigendafundi og leggja fyrir hann tillögur að minni akstursmagni sem byggir á sömu tíðni og er ekinn á laugadögum en byrja fyrr á morgnana. Jafnframt að skoða hvort úrræði ríkisstjórnar til handa launþegum verði skoðað. Jafnframt var óskað eftir því að unnið verði að plani B ef grípa þarf til frekari hagræðinga á næstunni.

2. Önnur mál

- a) Björg Fenger fór yfir fund með forsvarsmönnum Sorpu, Helga Þór Ingasyni starfandi framkvæmdastjór og Haraldi Flosa Tryggvasoni lögmanni, þar sem metanmál voru rædd. Kynnt var fyrir þeim niðurstöður á rekstrarkostnaði nýrra metanvagna sem teknir voru í notkun hjá Strætó seint á árinu 2019.

Fundi slitið: kl. 16:00

Fylgiskjöl:

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson